

3. gr.

Með reglugjörð þessari er takmarkaður rjettur sá, sem sýslunefnd Gullbringusýslu nú hefir samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði, til þess að gjöra samþyktir, að svo miklu leyti sem slík samþykt gæti komið í bága við framangreint bann við notkun dragnóta.

57
11. júlí

4. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 500 til 15000 kr. og skal með mál út af þeim farið sem almenn lögglumál.

5. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. október 1923.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júlí 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðlaugs Tómassonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. ágúst 1923. Skipulagsskráin er þannig:

58
8. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Guðlaugs Tómassonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðlaugs Tómassonar frá Járngerðarstöðum.

58

8. ágúst

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1922 af móður hans Margrjeti Sæmundsdóttur og systkinum hans, með 300 kr. — þrjú hundruð króna — gjöf.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að efla og útbreiða dýraverndun hjer á landi. En ef dýraverndunardeild, sem stæði undir stjórn Dýraverndunarfélags Íslands, yrði stofnuð í Grindavík, skal hinum árlegu tillögum úr sjóðnum varið þar til dýraverndunar á þann hátt, sem stjórn deildarinnar, ásamt stjórn Dýraverndunarfélags Íslands, álíta að komið geti að sem bestum notum.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, eða öðrum tryggum sjóði. Vextina skal árlega leggja við innstæðuna þar til sjóðurinn er orðinn 1000 — eitt þúsund — krónur. Úr því má úthluta hálfum vöxtum samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Stjórn Dýraverndunarfélags Íslands hefir á hendi stjórn sjóðsins, og úthlutun úr honum, með tilliti til 3. gr.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Járngerðarstöðum, hinn 27. desember 1922.

Margrjet Sæmundsdóttir.